





NÝ VEGLÍNA YFIR BREKKNAHEIÐI


Breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 **TILLAGA**



Gildandi skipulag - þéttbýlisuppráttur Þórshafnar 1:10.000



Breytt skipulag - þéttbýlisuppráttur Þórshafnar 1:10.000




Skýringarmynd: breytt veglína og útlínur minja á loftmynd. Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð, 2019



Gildandi skipulag - sveitarfélagsuppráttur 1:50.000



Breytt skipulag - sveitarfélagsuppráttur 1:50.000



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar þann _____

sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

VIÐFANGSEFNI OG FORSENDUR

Aðalskipulagsbreyting þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd sveitarfélagsins Langanesbyggðar í samstarfi með Vegagerðinni. Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 um veglínu Norðausturvegar yfir Brekknaheiði. Skipulagið felur í sér breytingu á stofnvegi á þéttbýlisupprætti Þórshafnar og sveitarfélagsupprætti Langanesbyggðar ásamt skilgreiningu á landnotkunarreitum fyrir efnistökusvæði í samræmi við framkvæmdina. Skipulagssvæðið er 51,3 ha að stærð og nær utanum veghelgunarsvæði fyrirhugaðrar veglínu, 30 m út frá miðlinu til beggja átta. Breytt veglína verður á um 7,9 km kafla frá Langanesvegi að núverandi slitlagsenda í Vatnadal og mun fylgja núverandi veglínu að hluta. Fyrirhuguð er aukin efnistaka úr námu N1 við Gunnólfsvík og N5 við Rauðabrekku við framkvæmdina. Jafnframt er fyrirhuguð efnistaka úr þremur nýjum nánum sem eru skilgreindar með breytingunni og settir fram skilmálar um heimild til efnistöku. Þá eru settir fram skilmálar um frágang að verktimea loknum og áhrif á ásynd svæðis.

Í Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 er lögð sérstök áhersla á bætta samgöngur milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Vegurinn yfir Brekknaheiði er mikilvægur til að tengja saman þéttbýli sveitarfélagsins og vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu í Finnafirði. Mikilvægt er að tryggja öruggar samgöngur fyrir íbúa sveitarfélagsins m.a. til að stuðla að betra aðgengi að verslun og þjónustu og jafnframt auka samkeppnishæfni fyrirtækja á svæðinu. Í núgildandi aðalskipulagi er stefna um endurbyggingu vegar yfir Brekknaheiði með fyrirvara um legu í samráði við Vegagerðina. Stefnumið sveitarfélagsins um efnistöku er að góð umgengi verði viðhöfð og gengið verði jafnóðum frá fullnýtum efnistökusvæðum með jafnvægsþekju og uppgæðslu.

BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

Breyting á veglínu er í samræmi við skilmála núgildandi aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir endurbyggingu nýs vegar um Brekknaheiði. Breyting er gerð í landnotkunartöflu fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði á bls. 177. Þar eru skilmálar um námur N1 og N5 uppfærðir og ný efnistökusvæði skilgreind (N17, N18 og N19).

Gildandi skipulag

Nr.	Stærð	Magn	Svæði	Lýsing	Skipulagsstaða
N1	3 ha	45.000 m ²	Gunnólfsvíkurnáma	Setnáma	Ekki búið að opna í notkun
N5	1,8 ha	27.000 m ²	Rauðabrekka	Set- og klapparnáma	

Breytt skipulag

Nr.	Stærð	Magn	Svæði	Lýsing	Skipulagsstaða
N1	4 ha	53.100 m ²	Gunnólfsvíkurnáma	Setnáma	Í notkun
N5	4,7 ha	105.000 m ²	Rauðabrekka	Set- og klapparnáma	Í notkun
N17	1,7 ha	60.200 m ²	Norðan Tryggvakofa	Setnáma	Ný náma
N18	0,3 ha	5.400 m ²	Brekkanáma	Setnáma	Í notkun
N19	1,7 ha	48.000 m ²	Álfasteinsmelur	Setnáma	Ný náma

BREYTINGAR Á ÞÉTTBÝLISUPPRÆTTI

Gerð er eftirfarandi breyting á þéttbýlisupprætti Þórshafnar: Stofnbraut að Brekknaheiði er hlíðruð suður og vegamót við Langanesveg færð um u.þ.b. 100 m norður. Breytt veglína liggur um íbúðarsvæði, óbyggð svæði og

opin svæði til sérstakra nota. Veglína á upprætti er samkvæmt frumhönnun Vegagerðarinnar og getur breyst lítillaga við nánari hönnun, t.d. vegna vegamóta innan þéttbýlis.

BREYTINGAR Á SVEITARFÉLAGSUPPRÆTTI

Gerð er eftirfarandi breyting á sveitarfélagsupprætti Langanesbyggðar: Stofnbraut er hlíðruð til norðurs á um 3,2 km kafla. Ný veglína fylgir að öðru leyti legu stofnbrautar á sveitarfélagsupprætti. Ný veglína liggur um landbúnaðarsvæði frá þéttbýlismörkum Þórshafnar. Veglína á upprætti er samkvæmt frumhönnun Vegagerðarinnar og getur breyst lítillaga við nánari hönnun.

ÁHRIFAMAT

Fyrirhuguð framkvæmd fellur í B flokk samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætla ná. 111/2021. Breytt veglína Norðausturvegar um Brekknaheiði fellur undir töluíð 10.08. Jafnframt er fyrirhuguð að nýta fleiri en einn efnistökuastað og efnismagn fer yfir viðmið samkvæmt lið 2.02. Framkvæmdir sem falla undir flokk B kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem mun meta hvort framkvæmdir skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Vegagerðin er framkvæmdaraðili og tilkynnir framkvæmdina. Hér er gerð grein fyrir áhrifum á umhverfið í samræmi við 4.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013. Vegagerðin hefur látið gera rannsóknir meðal annars á vistgerðum og er nánar fjallað um það í könnun á matsskyldu.

Byggð, samgöngur og samfélag

Framkvæmdir er í samræmi við stefnur sveitarfélagsins og samgönguáætlun stjórnvalda um að efla grunnnet samganga og mun framkvæmdir hafa jákvæð áhrif á samgöngur og byggð í Langanesbyggð.

Ný veglína og eldra vegstæði

Við gerð frumdraga skoðaði Vegagerðin nokkrar mögulegar veglínu. Aðrir valkostir kölluðu á meiri vegagerð og að farið væri yfir meira af öröskuðu svæði. Sú veglína sem er lögð til fer að stórum hluta eftir núverandi vegi og í nágrenni hans. Röskun á nýjum svæðum er því í lágmarki auk þess sem efnisþörf er talsvert minni. Jarðfræðingur hefur skoðað svæðið með tilliti til efnismála en nothæft efni er af frekar skornum skammti á svæðinu. Nánar verður fjallað um efnismál í könnun á landlagi. Lögð er áhersla á að vanda til verka við frágang vegsvæðis og fella veginn sem best að landslagi. Mikilvægt er að gengið sé frá eldra vegstæði og landmótun aðlöguð að umhverfinu. Vegagerðin gerir ráð fyrir að núverandi vegur verði fjarlægður að framkvæmdum loknum en mun nýttast sem námuvegur fram að því. Innan þéttbýlis gerir Vegagerðin ráð fyrir að færa eignarhald núverandi vegar til sveitarfélagsins nema ákvörðun þess sé að afmá veginn.

Minjar

Fornleifastofnun Íslands vanna skráningu á fornleifum á áhrifsvæði fyrirhugaðrar veglínu árið 2019, Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð. Teknar voru út tvær veglínu og 100 m breitt svæði beggja vegna við miðja veglínu, samtals 200 m breitt belti á hvorri veglínu. Samtals voru skráðar 56 fornminjar á úttektarsvæðinum sem voru einkum heystæði, leiðir og mógrafir. Skráðar minjar voru skilgreindar í stórhættu vegna vegframkvæmda og þar sem ekki verður hjá því komist að raska minjum við framkvæmdir mun Minjastofnun Íslands verka úr um hvort minjarnar megi víkja og með hvaða skilyrðum. Ef áður óþekktar minjar finnast við framkvæmd verks er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Efnistökusvæði

Fyrirhuguð er efnistaka á nýjum námusvæðum N17 og N19. Efnistökusvæðið við Álfasteinsmel (N19) er innan þéttbýlismarka Þórshafnar og er mikilvægt að efnistaka valdi ekki neikvæðum áhrifum á ásynd byggðarinnar. Brekknanáma (N18) er gömul náma og er námusvæðið allt með röskuðu yfirborði. Gæta þarf þess að við efnistöku verði ekki farið niður fyrir yfirborð myrarinnar ofan við. Með breytingunni er heimild til efnistöku aukin í nánum N1 og N5. Svæðin hafa áður verið notuð til efnistöku og eru því þegar röskuð og náttúruleg gróðurþekja rofin.

Vegagerðin gerir ráð fyrir að gengið verður frá nánum að framkvæmdum loknum og ekki er gert ráð fyrir að þær verði notaðar áfram fyrir utan Gunnólfsvíkurnámu. Ganga þarf frá nánum þegar efnistöku er lokið og græða upp land með staðargróðri. Fyrirbyggja þarf að olía og önnur mengun komist í snertingu við jörð og farið verði eftir kröfum um mengunavarnir. Við efnistöku þarf að lágmarka sjónræn áhrif og líkja eftir landformum í umhverfinu. Að lokinni vinnslu skal ganga frá efnistökusvæðum svo landið falli sem best að núverandi landslagi og náttúrulegur gróður nái föttestu. Efnistaka mun hafa tímabundin neikvæð áhrif og því eru mótvægisáðgerðir mikilvægar þ.e. að huga að ásyndaráhrifum á verktimea og frágangi að efnistöku lokinni.


Landnotkun og náttúruvarnir

Landnotkun á fyrirhuguðu vegsvæði og efnistökusvæðum er að stærstum hluta landbúnaðarsvæði. Samkvæmt ákvæði 5. gr. jarðlaga nr. 81/2004 þarf sveitarfélagið að taka afstöðu til þess að breyta landbúnaðarsvæði í aðra landnotkun. Veglínan nær frá um 10 metrum og yfir 140 metra yfir sjávarmáli. Ný náma N19 er innan þéttbýlismarka Þórshafnar á landnotkunarreiti fyrir óbyggð svæði en námur N17 og N18 eru á landbúnaðarsvæði. Þótt landnotkun sé skilgreind sem landbúnaðarsvæði þá er enginn hefðbundinn landbúnaður stundaður innan skipulagsvæðis. Engin tún eða ræktarland fellur undir breytinguna og er vistlendi innan skipulagsvæðis mólendi, votlendi, melar og sandlendi. Í þeim vistgerðum sem eru einkennandi fyrir svæðið má gera ráð fyrir miklu fuglalífi. Umfang efnistökusvæða og breytt veglína er ekki talin hafa neikvæð áhrif á landbúnað. Vegagerðin mun rannsaka áhrif á vistgerðir og fjalla um það í könnun á matsskyldu.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing var auglýst 2. mars 2022 í staðarblaði, hún var aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu www.langanesbyggd.is. Skilafrestur ábendinga var til 23. mars. Óskað var eftir ábendingum um efnis lýsingarinnar frá almenningi og umsagna frá umsagnaraðilum. Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands, Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og sveitarstjórn Vopnafjarðarþrepps. Tekið var mið af ábendingum við gerð tillögu.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi verður kynnt á heimasíðu Langanesbyggðar í samræmi við 2. mg. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að lokinni kynningu er tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu og send skipulagsstofnun til athagnar. Í framhaldi verður tillagan auglýst með formlegum hætti skv. 31. gr. skipulagslaga með a.m.k. sex vikna athugasemdafresti. Þegar frestur til athugasemda er liðinn tekur sveitarstjórn afstöðu til athugasemda sem borist hafa. Sveitarstjórn samþykkir þá tillögu að aðalskipulagsbreytingu og sendir Skipulagsstofnun til staðfestingar um gildistöku. Skipulagsstofnun auglýsir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.



NÝ VEGLÍNA YFIR BREKKNAHEIÐI
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI LANGANESBYGGÐAR 2007-2027
Skipulagsuppráttur og greinargerð **TILLAGA**